



# Stefna Landsbankans um sölu eigna

---

Stefna nr. 201105-0328-5 | Gildistaka 1. janúar 2022 | Endurskoðun 2023 | Bankaráð

## 1. GILDISSVIÐ

Stefna Landsbankans um sölu eigna (hér eftir „stefnan“ eða „stefna þessi“) gildir fyrir Landsbankann hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“). Stefnan nær til sölu allra eigna í eigu bankans. Stefnan nær jafnframt til sölu fullnustueigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu Landsbankans eða í eigu dótturfélags bankans. Stefnan á ekki við þegar um er að ræða sölu eignar til félags innan samstæðu bankans.

## 2. MARKMIÐ

Markmið stefnunnar er að leggja grunn að vönduðum innri stjórnarháttum bankans um sölu eigna og takmarka rekstraráhættu og orðsporsáhættu sem sala eigna getur falið í sér. Stefnunni er ætlað að stuðla að gagnsæi og trúverðugleika við sölu eigna og efla þannig traust til bankans.

## 3. ÁKVÖRÐUN UM SÖLU

Ákvörðun um að selja eign skal tekin í ljósi viðskiptalegra markmiða bankans á hverjum tíma og að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Áður en tekin er ákvörðun um að selja eign skal liggja fyrir hvernig meðferð sölnnar skuli hagað. Sölumeðferðin skal vera í samræmi við stefnu þessa og reglur sem bankinn setur á grundvelli stefnunnar.

## 4. ALMENN SJÓNARMÍÐ UM SÖLU EIGNA

Sala eigna skal fara fram á viðskiptalegum forsendum þannig að sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar. Sala skal hafa hagsmuni bankans og dótturfélaga að leiðarljósi og vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

## 5. MEGINREGLA UM OPIÐ SÖLUFERLI

Það er meginregla að selja eignir í opnu sölufarli. Með opnu sölufarli er í stefnu þessari átt við ferli þar sem bankinn veitir upplýsingar um að tiltekin eign sé til sölu þannig að fleiri en einum hugsanlegum kaupanda sem uppfyllir tiltekin skilyrði er gefinn kostur á að gera kauptilboð í eignina á jafnræðisgrundvelli í samræmi við nánar tilgreindar forsendur.

Verðbréf og aðrir fjármálagerningar sem teknir hafa verið til viðskipta á markaði skulu seldir á markaði og telst slík sala fela í sér opið sölufarli í skilningi stefnu þessarar.

## 6. FRÁVIK FRÁ MEGINREGLUNNI UM OPIÐ SÖLUFERLI

Hægt er að víkja frá meginreglunni um opið sölufarli ef talið er: (a) að slíkt ferli sé ekki í þágu hagsmuna bankans, (b) að viðskiptalegir annmarkar séu á því að viðhafa opið sölufarli, (c) að önnur lögmæt sjónarmið mæli gegn því að hafa opið sölufarli eða (d) ef verðmæti eignar er það lítið að það réttlæti ekki kostnað við opið sölufarli. Frávik frá meginreglunni um opið sölufarli skal vera rökstutt og skráð.

Bankaráð tekur ákvörðun um hvort vikið er frá meginreglunni um opið sölufarli á mikilvægri eign. Bankastjóri eða forstöðumaður tekur ákvörðun um frávik frá meginreglunni í öðrum tilfellum, sbr. reglur sem settar eru skv. 9. gr. stefnu þessarar. Í reglunum skal lýsa nánar skilyrðum fyrir frávikum frá meginreglunni um opið sölufarli.

## 7. MIKILVÆGAR EIGNIR

Mikilvægar eignir í skilningi stefnu þessarar teljast eftirfarandi eignir:

- (a) Fasteignir, þ.m.t. fasteignir sem nýttar eru í starfsemi bankans, sem að mati bankans eru að verðmæti kr. 300.000.000 eða hærra.
- (b) Lausafjármunir sem að mati bankans eru að verðmæti kr. 100.000.000 eða hærra.
- (c) Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem nýtt eru í hliðarstarfsemi innan samstæðu bankans skv. 21. laga um fjármálafyrirtæki.
- (d) Eignarhlutir í öðrum félögum, sem ekki hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í EES-ríki ef virði seldra eignarhluta í viðkomandi félagi er að mati bankans að verðmæti kr. 100.000.000 eða hærra.
- (e) Eign þar sem þær aðstæður eru fyrir hendi að sala eignarinnar er talin þess eðlis að salan feli í sér sérstaka og mjög alvarlega orðsporsáhættu, eins og sú áhætta er skilgreind í stefnu þessari.

Eign telst vera mikilvæg ef eitt eða fleiri skilyrði hér að framan eru fyrir hendi.

Söluferli fyrir mikilvægar eignir skal vera ítarlegra en söluferli fyrir eignir sem ekki teljast mikilvægar. Í reglum skal kveðið á um viðbótarkröfur varðandi söluferli fyrir mikilvægar eignir.

Sala allra mikilvægra eigna skal háð sérstöku og skriflegu mati á orðsporsáhættu.

Sala allra mikilvægra eigna skal háð samþykki bankaráðs að fenginni tillögu Áhættu- og fjármálanefndar.

## 8. ORÐSPORSÁHÆTTA

Með orðsporsáhættu er átt við hættu á því að orðspor bankans skaðist með athöfnum eða athafnaleysi í starfsemi hans. Hér er átt við mögulegt tjón á ímynd bankans í huga viðskiptavina og annarra haghafa.

Við sölu eignar skulu starfsmenn leitast við að viðhafa þau vinnubrögð sem lágmarka mögulegt tjón vegna orðsporsáhættu hvort sem hún leiðir af athöfnum, athafnaleysi eða ákvörðunum þeirra.

## 9. REGLUR

Á grundvelli stefnu þessarar skal Áhættu- og fjármálanefnd setja reglur um sölu fasteigna, lausafjármuna, eignarhluta í óskráðum félögum og eftir atvikum annarra eignaflokka.

Í reglunum skal kveðið á um eftirfarandi:

- (a) Lýsing á opnu söluferli fyrir viðkomandi eignaflokk.
- (b) Kröfur um sýnileika og upplýsingar um eignir til sölu.
- (c) Leiðbeiningar um mat á orðsporsáhættu.
- (d) Lýsing á skilyrðum fyrir frávikum frá opnu söluferli.
- (e) Leiðbeiningar um hvernig söluferli mikilvægra eigna skuli hagað.
- (f) Leiðbeiningar um varðveislu gagna um sölu eigna.

## **10. FULLNUSTUEIGNIR**

Fullnustueignir eru eignir sem Landsbankinn leysir til sín frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum lögaðilum til að tryggja fullnustu krafna. Slík fullnusta er eðlilegur þáttur í starfsemi viðskiptabanka. Stefnt skal að því að selja fullnustueignir eins fljótt og unnt er að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Framkvæmd Landsbankans við sölu fullnustueigna er í samræmi við 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þar kemur m.a. fram að fullnustueignir skuli seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

Stefna þessi og reglur sem settar eru á grundvelli hennar skulu gilda um sölu fullnustueigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu Landsbankans eða í eigu dótturfélags bankans.

## **11. SKÝRSLUGJÖF**

Í ársskýrslu bankans skal birta samandregnar upplýsingar um (a) eignir sem eru til sölu, (b) eignir sem seldar hafa verið á liðnum 12 mánuðum og (c) samandregnar upplýsingar um frávík frá meginreglunni um opið sölufarli á liðnum 12 mánuðum.